

Ed.

781. Breytingartillögur

[342. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

Frá Ragnari Arnalds.

1. Við bætist ný grein er verði 5. gr. og orðist svo:
31. gr. laganna breytist þannig:
 - a. 3. tölul. orðist svo: Tap á útistandandi viðskiptaskuldum á því tekjuári sem skuld er sannanlega töpuð. Útistandandi viðskiptaskuldir, sbr. 2. mgr. 5. tölul. 74. gr., er heimilt að færa niður um allt að 4% á árinu 1987, um allt að 3% á árinu 1988, um allt að 2% á árinu 1989 og um allt að 1% á árinu 1990, en þá falli heimildir samkvæmt þessari málsgrein niður.
 - b. 4. tölul. orðist svo: Matsverð vörubirgða í lok reikningsárs, sbr. 4. tölul. 74. gr., er heimilt að færa niður um allt að 8% 1987, 6% 1988, 4% 1989 og 2% 1990, en þaðan í frá fellur þessi heimild niður. Þá upphæð, sem fæst samkvæmt fyrri málslið, má draga frá skattskyldum tekjum.
 - c. 11. tölul. (um tillög í fjárfestingarsjóð) falli niður.
 - d. Einnig falla niður ákvæði 7. og 12. tölul.
2. Við bætist ný grein sem verði 6. gr. og orðist svo:
Tölur í 38. gr. laganna breytast sem hér segir:
 - a. 1. tölul. Í stað „10%“ komi: 8%.
 - b. 2. tölul. Í stað „10%“ komi: 8%.
 - c. 3. tölul. Í stað „15%“ komi: 12%.
 - d. 4. tölul. Í stað „20%“ komi: 15%.
 - e. 7. tölul. Í stað „20%“ komi: 15%.
3. Við bætist ný grein sem verði 7. gr. og orðist svo:
Við 52. gr. laganna bætast nýir töluliðir sem orðist svo:
 4. Persónulega eyðslu forráðamanna fyrirtækis eða starfsmanna er óheimilt að telja til rekstrarkostnaðar. Skal ríkisskattstjóri gefa út árlega reglur um takmörk samkvæmt þessum tölulið.
 5. Risnu má ekki telja til rekstrarkostnaðar nema hún sé sannanlega í þágu fyrirtækisins. Ríkisskattstjóri setur reglur um risnukostnað fyrirtækja eftir stærð þeirra og veltu með hliðsjón af markaðsstöðu fyrirtækjanna. Við ákvörðun sína skal ríkisskattstjóri sérstaklega gæta þess að persónuleg eyðsla forráðamanna fyrirtækis eða starfsmanna þess færist aldrei á kostnað fyrirtækisins.
4. Við bætist ný grein sem verði 9. gr. og orðist svo:
54. gr. til og með 55. gr. B í lögnum falli brott.
5. Við 9. gr. 1. tölul. orðist svo:
Af tekjuskattsstofni reiknast 26,75% á mánaðartekjur upp að 50 þús. kr. en 38% á það sem umfram er 50 þús. kr.
6. Við 10. gr. 1. mgr. A-liðar orðist svo:
Persónuafsláttur manna, sem um ræðir í 1. mgr. 67. gr., skal vera 150 480 kr.
7. Við 11. gr. Á eftir 6. mgr. B-liðar komi ný málsgrein svohljóðandi:
Rétt til húsnæðisbóta eiga og þeir sem sannanlega greiða húsaleigu vegna leigu á íbúðarhúsnæði til eigin nota.
8. Við bætist ný grein sem verði 18. gr. og orðist svo:
5. tölul. 2. mgr. 74. gr. laganna orðist svo:
Útistandandi skuldir skal telja til eignar á nafnverði að viðbættum áföllnum vöxtum og verðbótum á höfuðstól í lok reikningsárs nema sannað sé að þær séu minna virði. Frá

Þannig töldu verði útistandandi skulda er þó heimilt að draga allt að 4% 1987, 3% 1988, 2% 1989 og 1% 1990 og mynda með því mótreikning fyrir skuldum sem kunna að tapast. Útistandandi viðskiptaskuldir í þessu sambandi teljast kröfur sem stofnast vegna sölu á vörum og þjónustu og falla í gjalddaga innan eins árs frá því til þeirra var stofnað.

9. Við 18. gr.

a. Í stað orðsins „lánskjaravísitölu“ í greininni komi: vísitölu kauptaxta verkamanna og iðnaðarmanna.

b. Við 2. mgr. Orðin „þ.e. 1594 stig“ falli niður.

10. Við ákvæði til bráðabirgða I.

a. Orðin „í allt að sex ár talið frá og með árinu 1988“ í 1. mgr. falli brott.

b. 2. mgr. orðist svo:

Vaxtaafsláttur, sem um ræðir í 1. mgr., telst vera 34,75% af frádráttarbærum vöxtum.